



Hagnýtar upplýsingar um reglur, próf og starfshætti við nám

Almennt gilda reglur Háskóla Íslands hjá Endurmenntun HÍ.

Ítarlegar upplýsingar um reglur HÍ er að finna á meðfylgjandi slóð:

http://www.hi.is/is/skolinn/log_og_reglur

Styttri samantekt á hagnýtum upplýsingum og reglum má lesa hér fyrir neðan og eru nemendur vinsamlega beðnir um að kynna sér alla efnisþætti þeirra vel.

Viðvera

Viðveruskylda er í ákveðnum námsbrautum og/eða námsgreinum Endurmenntunar.

Reglur um viðveru eru kynntar sérstaklega þar sem það á við.

Þar sem ekki er viðveruskylda er mælt með að nemendur mæti í sem flesta tíma.

Æskilegt er að nemendur mæti stundvíslega til kennslustunda.

Einkunnir

Einkunnir skulu gefnar í heilum eða heilum og hálfum tölum frá 0 til 10.

Aðaleinkunn er vegið meðaltal allra einkunna til lokaprófs.

Aðaleinkunn reiknast með tveimur aukastöfum:

9,0 – 10 er ágætiseinkunn,

7,25 - 8,99 er fyrsta einkunn,

6,0 - 7,24 er önnur einkunn,

5,0 - 5,99 er þriðja einkunn.

Ein lokaeinkunn er gefin í hverju námskeiði. Lágmarkseinkunnir í námskeiðum geta verið mismunandi en þó aldrei lægri en **5,0**. Ef um samsetta einkunn er að ræða, t.d. fyrir verkefni, próf og fleira er einkunn í námskeiði vegið meðaltal allra prófhluta og þarf nemandi að standast lágmarkseinkunn í öllum prófþáttum. Einkunnir eru birtar á vefkerfi nemenda að öllu jöfnu ekki síðar en þremur vikum eftir síðasta próf eða verkefnaskil. Einkunnir eru aldrei gefnar upp í síma.

Könnun á kennslu og námskeiðum

Eftir hvert námskeið fer fram rafræn eða skrifleg könnun þar sem leitað er eftir mati nemenda á þeirri kennslu og þjónustu sem þeir hafa fengið. Þetta mat er liður í eftirliti með gæðum kennslu og námskeiða og því er þitt svar okkur mikilvægt við þróun náms. Miðað er við að kennslukönnun sé framkvæmd í síðustu viku fyrir námskeiðslok og að fyrirlögn taki um það bil fimm mínútur. Ef kennslukönnun er rafræn er hún send til nemenda að loknu námskeiði eða misseri.



Prófskírteini

Til að útskrifast þarf nemandi að hafa lokið og staðist öll námskeið námsins. Gert er ráð fyrir að nemandi fylgist sjálfur með því að öllum námskeiðum sé lokið í tæka tíð fyrir útskrift. Nemendum á lokamisseri náms er sérstaklega bent á möguleika á sjúkra- og upptökuprófum.

Takist nemanda ekki að ljúka öllum prófum á námstímanum er hægt að sækja um leyfi hjá verkefnastjóra námsins til að ljúka prófi/prófum með öðrum hópum sem á eftir koma. Eftir að reglulegum námstíma lýkur hefur nemandi að hámarki þrjú ár til að ljúka þeim prófum sem hann á eftir. Að þeim tíma loknum þarf viðkomandi að hefja nám að nýju.

Reglur í prófi

- Nemendur hafi persónuskilríki, með mynd, aðgengileg fyrir prófgæslufólk. Prófgæslufólk merkir við nemendur á mætingalista.
- Skriflegar prófúrlausnir og verkefni skulu merktar nafni og kennitölu nemanda, nema annað sé tekið fram s.s. þegar prófnúmer eru notuð.
- Nemendum ber að slökkva á farsímum og afhenda prófgæslufólki til geymslu á meðan próf stendur yfir.
- Hafi nemandi af misgáningi tekið með sér óleyfileg gögn, ber honum strax að afhenda þau prófgæslufólki.
- Í prófum er nemendum heimilt að hafa með sér nesti. Lögð er áhersla á að nemendur sýni samnemendum tillitsemi bæði hvað varðar lykt og ónæði sem neysla matvæla kann að valda.
- Nemendum í prófi er óheimilt að aðstoða aðra nemendur í prófi eða leita aðstoðar annarra nemenda. Nemendum er óheimilt að yfirgefa prófstofu fyrstu klukkustund prófs.
- Óheimilt er að fjarlægja hluta prófgagna. Þetta gildir um öll gögn, þar með talið rissblöð.
- Nemendum ber að yfirgefa prófstað þegar að próftöku lokinni.

Brot gegn prófreglum Háskóla Íslands og öðrum prófreglum, sem Endurmenntun setur, varða vísun frá prófi og eftir atvikum viðurlögum skv. 24. grein háskólalaga.



Breytingar á birtri próftöflu

Fari nemendur fram á breytingu á birtri próftöflu verða allir nemendur sem skráðir eru í viðkomandi námskeið (próf) að samþykkja skriflega beiðni um fyrirhugaða breytingu og senda til verkefnastjóra EHI. Kennari eða kennarar viðkomandi námskeiðs verða jafnframt að veita samþykki sitt.

Sérúrræði í prófum

Nemandi öðlast ekki sjálfkrafa rétt til sérúrræða í prófum. Nemandi sem óskar eftir sérúrræðum við próftöku er beðinn um að hafa samband við verkefnastjóra viðkomandi náms eða námsráðgjafa Endurmenntunar.

Veikindi í prófum

Nemanda ber að tilkynna veikindi, sem koma í veg fyrir próftöku, áður en próf hefst. Tilkynna má veikindi til Endurmenntunar í síma 525 4444 eða á netfangið endurmenntun@hi.is og skila þarf læknisvottorði innan þriggja virkra daga. Hið sama gildir ef barn nemanda veikist.

Veikist nemandi í prófi ber honum að vekja athygli prófgæslumanns sem skrifar athugasemd um það á prófurlausn. Skila þarf þá læknisvottorði, sem dagsett er á prófdegi, til Endurmenntunar.

Endurtaka prófs

Nemanda er heimilt að þreyta próf að nýju innan árs ef hann gengur frá prófi eftir að hann hefur byrjað það eða ef hann kemur ekki til prófs án þess að boða forföll. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til að ganga oftari undir það. Endurmenntun getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Sækja verður skriflega um slíkar undanþágur og senda til verkefnastjóra. Nemanda er jafnframt heimilt að endurtaka próf sem hann hefur áður staðist sé það á dagskrá. Sótt er um slíka heimild með skriflegri umsókn til verkefnastjóra námsins. Um leið og hann hefur seinna prófið fellur fyrra próf úr gildi. Ekki er heimilt að endurtaka próf eftir að nemandi hefur verið útskrifaður úr viðkomandi námi.

Sjúkra og upptökupróf

Tímasetningar sjúkra- og upptökuprófa eru tilkynntar hverju sinni. Sjúkrapróf kemur í stað hefðbundins prófs og skerðir því ekki rétt viðkomandi nemenda til upptökuprófs. Sækja þarf skriflega um sjúkrapróf til verkefnastjóra. Endurmenntun upplýsir nemendur um hvar og hvenær sjúkrapróf verði haldið með a.m.k. þriggja sólarhringa fyrirvara. Gjaldskrá vegna upptökuprófs er 6000 kr.

Prófdómarar og réttur nemenda til útskýringa

Við munnleg próf, sem teljast til lokaprófs, skal vera prófdómari.

Skrifleg og verkleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir nema annað sé ákveðið.



Prófdómari er skipaður að fengnum tillögum fagraðs eða ígildi fagraðs. Þá eina má skipa prófdómara sem lokið hafa viðurkenndu háskólaprófi í þeirri grein sem dæma skal og njóta viðurkenningar á starfssviði sínu.

Nemandi hefur rétt á að fá rökstuðning kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar.

Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur nemandi sent inn erindi til verkefnastjóra viðkomandi námsbrautar og óskað eftir mati annars kennara á viðkomandi prófi.

Misferli í prófum

Nemandi sem staðinn er að misferli í prófi er samstundis vísað úr prófi og kann að missa próftökurétt í öðrum námskeiðum á próftímabilinu. Pung viðurlög eru við misferli í prófum og auk missis próftökuréttar getur viðkomandi nemandi hlotið áminningu ásamt því að vera vikið úr námi, tímabundið eða fyrir fullt og allt, sbr. 33. gr. laga um opinbera háskóla. Hið sama gildir um misferli þar sem námsmat felst í öðru en skriflegu eða munnlegu prófi, svo sem ef nemandi leggur fram verkefni, þar sem hann gerir vinnu annarra að sinni eigin.

Reglur um viðurlög við misnotkun á heimildum

Ritstuldur er þegar nemandi hagnýtir sér í heimildarleysi hugverk annarra. Er þá átt við að afrita beint eða óbeint texta úr ritsmíð annars og setja í sína eigin án þess að geta heimildar. Nemendum er því algerlega óheimilt að nýta sér hugverk annarra í ritgerðum og verkefnum, nema heimilda sé getið í samræmi við viðurkennd fræðileg vinnubrögð. Endurmenntun Háskóla Íslands setur sér eftirfarandi reglur til að framfylgja þessu ákvæði.

1. Kennari sem hefur rökstuddan grun um brot á ofangreindri reglu skal við fyrsta tækifæri leggja greinargerð um málið fyrir námstjóra Endurmenntunar.
2. Ef námstjóri er sammála rökstuðningi kennara um misnotkun heimilda, skal boða nemanda í viðtal. Viðtalið þjónar þeim tilgangi að ganga eftir afstöðu nemanda til meints brots og veita honum andmælarétt. Því skal nemandi upplýstur fyrirfram um tilefni viðtalsins, gögn málsins og að hann kunni að verða beittur viðurlögum vegna þess.
3. Ganga skal úr skugga um hvaða önnur verkefni nemandinn hefur leyst á sama misseri og kanna hvort svipuð vinnubrögð hafi verið viðhöfð.
4. Teljist sannað með gögnum málsins og niðurstöðu viðtals að brot hafi verið framið skal tekin ákvörðun um viðurlög að teknu tilliti til alvarleika brotsins. Að jafnaði eru viðurlög þau að nemandi fær 0.0 fyrir námskeiðið og telst hafa fullnýtt próftökurétt í námskeiðinu. Jafnframt skal veita nemanda skriflega áminningu. Ef brot er minniháttar eða framið af gáleysi er heimilt að beita vægari viðurlögum þannig að nemandi fái 0.0 í einkunn fyrir umrætt verkefni jafnframt því að honum er gefinn kostur á að skila inn nýju verkefni. Við þær aðstæður skal veita nemanda óformlega áminningu.



Gangist nemandi ekki við brotinu eða brotið er sérstaklega alvarlegt er forstöðumanni Endurmenntunar heimilt að víkja nemanda úr námi.

5. Afrit af áminningu skal geymt í skjalasafni Endurmenntunar. Áminningin gildir í þrjú ár.
6. Um málskotsrétt nemenda fer skv. 19. gr. laga nr. 85, 2008 um opinbera háskóla.

Námsráðgjöf

Við Endurmenntun starfar námsráðgjafi. Hlutverk hans er að veita nemendum Endurmenntunar og námshópum leiðsögn og ráðgjöf varðandi bætt vinnubrögð í námi og fleira er lýtur að námstækni, tímastjórnun, um samskipti og skipulagningu í hópastarfi og stjórnun prófkvíða.

Þjónusta námsráðgjafa

- Ráðgjöf vegna námsvals
- Námstækninámskeið
- Fyrirlestur um próftækni, prófundirbúning og stjórnun prófkvíða
- Aðstoð við nemendur með sértæka námserfileika
- Ráðgjöf um tímastjórnun og skipulagningu

Skrifstofa og viðtalstímar

Skrifstofa námsráðgjafa er í Endurmenntun HÍ að Dunhaga 7. Nemendur geta bókað viðtal eftir samkomulagi í síma 525-4444 eða sent inn fyrirspurnir á netfangið namsradgjof@endurmenntun.is

Nemendur eru hvattir til að kynna sér upplýsingar um góða starfshætti við kennslu og próf í Háskóla Íslands á slóðinni: http://www2.hi.is/page/godir_starfshaettir
Almennar prófreglur Háskóla Íslands eru tilgreindar í 58. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.